

AUGLÝSING

um samning milli ríkisstjórna Íslands, Noregs og Sovétríkjanna um takmarkanir á veiði norsk-íslenzkrar síldar.

Hinn 25. febrúar 1972 var undirritaður í Moskva samningur milli ríkisstjórna Íslands, Noregs og Sovétríkjanna um takmarkanir á veiði norsk-íslenzkrar síldar. Gildistími samningsins er til og með 31. desember 1972.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. apríl 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórna Íslands, Noregs og Sovétríkjanna um takmarkanir á veiði norsk-íslenzkrar síldar.

Ríkisstjórnir Íslands, Noregs og Sovétríkjanna hafa í þeim tilgangi að vernda síldarstofninn talið nauðsynlegt að takmarka veiðar á norsk-íslenzku síldinni og eru sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Veiðar á hinum kynþroska hluta norskrar vorgotssíldar skulu vera bannaðar á aflaskýrslusvæðum Alþjóðahafrannsóknaráðsins nr. I, II og VB frá þeim degi, er samningur þessi tekur gildi.

Bann þetta gildir ekki um veiðar í rannsóknaskyni, sem gerðar eru á vegum fiskveiðifyfirvalda til að fá vitneskju um stofninn og göngur hans.

2. gr.

Hlutaðeigandi ríki skuldbinda sig til að takmarka veiðar á smásíld og millisíld á aflaskýrslusvæði Alþjóðahafrannsóknaráðsins nr. I og II, þannig að þær verði ekki meiri en 45 pc. af því magni, er viðkomandi lönd veiddu 1969 skv. þeim aflaskýrslum, sem fyrir liggja.

3. gr.

Hlutaðeigandi ríki gera ráðstafanir til að ákvæðum 1. og 2. greinar verði framfylgt og skulu tilkynna hvert öðru í hverju slíkar ráðstafanir séu fólgnar.

4. gr.

Ábyrgar stofnanir hlutaðeigandi ríkja skulu senda hver annarri aflaskýrslur mánaðarlega, ef samanlagður afli fer yfir 100 smálestir.

5. gr.

Þessi samningur tekur gildi þann dag, sem öll þrjú ríkin hafa undirritað hann, og gildir til og með 31. desember 1972.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir, sem hafa til þess fullt umboð frá viðkomandi ríkisstjórnnum, undirritað þennan samning.

Gert í Moskvu, 25. febrúar 1972, í þremur eintökum á íslensku, norsku og rússnesku, sem öll eru jafngild.

F. h. ríkisstjórnar Íslands
O. Guðjónsson.

F. h. ríkisstjórnar Noregs
F. Jacobsen.

F. h. ríkisstjórnar Sovétríkjanna
A. A. Isjkov.

17. apríl 1972.

Nr. 4.

AUGLÝSING

um samning um gæzlumenn á hvalveiðistöðvum.

Hinn 7. apríl 1972 var undirritaður í Osló samningur milli Íslands, Noregs og Kanada um gæzlumenn í hvalveiðistöðvum. Gildistaka samningsins er 14. apríl 1972. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 17. apríl 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

AGREEMENT

between the Governments of the Republic of Iceland, of Canada and of the Kingdom of Norway concerning an International observer scheme for landbased Whaling stations in the North Atlantic area.

The Governments of the Republic of Iceland, of Canada and of the Kingdom of Norway (hereinafter referred to as „Participating Governments“) being Parties to the International Convention for the Regulation of Whaling signed in Washington on December 2, 1946, (hereinafter referred to as „the Convention“),

Proceeding from their mutual concern for the conservation of whale stocks in the North Atlantic Ocean, for the maintenance of the proper productivity of whaling from land stations and to ensure that the provisions of the Convention are being followed,

Have agreed on the following scheme for International Observers (hereinafter referred to as „Observers“) at land stations or groups of land stations in the North Atlantic area pursuant to paragraph 1 (c) of the Schedule to the Convention dated January, 1972.

Article I

Purpose of the Agreement.

The purpose of this Agreement is to establish a scheme to provide for an exchange of Observers to maintain surveillance over whaling operations at the land-based whaling stations in Iceland, Canada and Norway.